

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu, nr. 945/2016.

1. gr.

Samþykktar hafa verið eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinnar verður svohljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal skipuð 5 einstaklingum:

- a. Einstaklingi með haldgóða þekkingu á opinberri stjórnsýslu og reynslu af henni, völdum af stjórn sjóðsins. Viðkomandi er formaður stjórnar sjóðsins.
- b. Lækni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands sem sinnir Dalabyggð.
- c. Sóknarpresti í Dalaprestakalli.
- d. Fulltrúa sveitarstjórnar Dalabyggðar, sem valinn er eftir hverjar sveitastjórnarkosningar.
- e. Einstaklingi með haldgóða reynslu af fjármálum og þekkingu á þeim, völdum af stjórn sjóðsins.

Stjórnin getur ákvarðað stjórnarmönnum laun. Formaður boðar til stjórnarfunda.

Breytingin varðandi núverandi einstaklinga í stjórninni kemur til framkvæmda eftir því sem þeir ganga úr henni.

Stjórnin velur úr sínum hópi gjaldkera og ritara. Jafnframt skal einum stjórnarmanni falið fyrir hönd stjórnarinnar að fylgjast reglubundið með rekstri og stjórnun hjúkrunarheimilisins að Fellsenda. Sá stjórnarmaður, ásamt tveimur einstaklingum, öðrum völdum af stjórn minningarsjóðsins, mynda framkvæmdastjórn Hjúkrunarheimilisins Fellsenda ásamt framkvæmdastjóra. Fulltrúi stjórnar minningarsjóðsins er formaður framkvæmdastjórnar.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og kemur fram út á við fyrir hönd hans. Hún skal sjá til þess að skipulag hans, starfsemi og innra eftirlit sé jafnan í góðu horfi. Einfaldur meirihluti stjórnarmanna gildir á stjórnarfundum. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn. Stjórnin getur veitt prókúruumboð fyrir sjóðinn. Umboð sem geta falið í sér fjárhagslegar skuldbindingar skulu vera sérgreind og afmörkuð.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á á stjórnarfundum.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur frá Fellsenda í Miðdölum í Dalasýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Vestfjörðum, 20. janúar 2026.

Thelma Dögg Theodórsdóttir.

Helga Haraldsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 3. febrúar 2026